

BEIÐNI UM SAMÞÆTTA ÞJÓNUSTU

Með þessu eyðublaði ert þú sem foreldri að óska eftir samþættri þjónustu fyrir barnið þitt.

Það getur verið bæði tímafrekt og krefjandi fyrir þig sem foreldri að þurfa halda utan um upplýsingar um mál barns þíns og deila þeim áfram til réttra aðila.

Tilgangurinn með samþættri þjónustu er að tengiliður eða málstjóri barns geti stigið inn sem stuðningur. Ábyrgð á að hafa yfirsýn yfir mál barnsins og þá þjónustu sem ykkur stendur til boða flyst þá frá þér yfir á hann. Í því felst líka að halda ykkur og öllum sem koma að þjónustu við barnið vel upplýstum.

Markmiðið er einnig að einfalda samskipti til að geta veitt barninu þínu betri þjónustu. Með því að óska eftir samþættri þjónustu ert þú að gefa leyfi fyrir því að þjónustuveitendur tali saman og deili upplýsingum. Þjónustuveitendur eru í raun allir sem koma að þjónustu við barnið þitt. Þau gætu t.d. verið:

- starfsfólk í frístund
 - sjálfstætt starfandi
 - starfsfólk á heilsugæslu
 - fulltrú barnaverndar
 - þjálfari barnsins þíns
 - sérfræðingar
 - starfsfólk félagsþjónstu
 - fulltrúi lögreglu
- t.d. sál- eða talmæinafræðingur, iðjubjálfi

Þau verða samt að meta hvaða tilgangi upplýsingarnar þjóna og eiga ekki að deila upplýsingum eða ræða þarfir barnsins við aðra nema að þau telji að það gæti aukið farsæld þess. Þegar allir geta talað saman eftir þörfum er auðveldara fyrir alla að mæta þörfum barnsins með réttum hætti.

Þú finnur svör við algengum spurningum á baksíðu eyðublaðsins.

FORELDRI Fyllir út þennan hluta

Nafn barns:

Kennitala:

Grunn- eða leikskóli:

Persónufornafn:

Nafn foreldris A:

- hún
- hann
- hán
- annað

Kennitala:

Símanúmer:

Netfang:

Heimili*:

*lögheimili barns

Nafn foreldris B, ef skipt búseta:

Forsjá barnsins:

Kennitala:

- sameiginleg forsjá
- annað foreldri með forsjá
- skipt búseta barns

Símanúmer:

Netfang:

Undirskrift foreldris A*

Dagsetning

Undirskrift foreldris B*, ef skipt búseta

Undirskrift barns**, ef aldur og þroski barns gefur tilefni til

*Með undirskrift minni samþykki ég að þjónusta við barnið mitt verði samþætt.

**Með undirskrift minni staðfesti ég að ég vill fá samþætta þjónustu.

Hvað mega þjónustuveitendur gera við persónuupplýsingar um barnið mitt?

Þeir mega safna saman persónuupplýsingum um aðstæður barns þíns og vinna með þær t.d. skrá þær niður eða varðveita með einhverjum hætti¹. Ef það er nauðsynlegt til að bæta þjónustuna við barnið mega þeir líka deila persónuupplýsingunum áfram eða bera sínar skráningar saman við skráningar annarra.²

Þeir sem koma að þjónustu barns þíns eiga samt að meta í hverju tilfelli fyrir sig hvort þörf sé á að deila upplýsingum með öðrum eða ekki. Það er mikilvægt að þeir deili ekki upplýsingum að óþörfu. Tilgangurinn þarf alltaf að vera skýr þ.e.a.s. að það að deila þessum tilteknu upplýsingum gæti bætt þjónustuna við barnið með einhverjum hætti og þar með aukið við farsæld þess.

Hefur samþætt þjónusta áhrif á þagnarskyldu?

Nei þjónustuveitendur eru alltaf bundnir þagnarskyldu³ um upplýsingar sem tengjast þínu barni og verkefni sem þau vinna í tengslum við þarfir þess. Í því felst að þau mega ekki deila upplýsingunum áfram til óviðkomandi aðila.

Í hvaða aðstæðum fá börn úthlutað málstjóra í stað tengiliðs?

Ef það kemur í ljós að barnið þitt þarf sértækari þjónustu en hægt er að veita innan skólans, getur tengiliður þess óskað eftir málstjóra fyrir barnið þitt. Málstjórar eru hluti af starfsteymi Miðstöðva Reykjavíkurborgar. Málstjórinn kemur þá inn með sína sérfræði þekkingu og stýrir vinnu stuðningsteymisins sem myndað hefur verið til að þjónusta barnið þitt. Tengiliður barns getur enn þá verið partur af teyminu en stýrir því ekki lengur.

Hvernig og hversu lengi eru upplýsingar um barnið mitt geymdar?

Reykjavíkurborg er umhugað um öryggi persónuupplýsinga og gerir ýmsar tæknilegar og skipulagslegar ráðstafanir til að tryggja að þær séu geymdar á öruggan hátt. Reykjavíkurborg er skyldug til að halda utan um skjöl og varðveita þau⁴. Það þýðir að skjöl sem eru ekki lengur í notkun enda á öruggum stað á Borgarskjallasafni.

Hvað ef ég vill draga samþykki mitt til baka?

Hægt er að draga þetta samþykki til baka hvenær sem er með því að hafa samband við tengilið barns t.d. með því að senda honum tölvupóst. Það hefur þau áhrif að þjónustan við barnið þitt verður ekki lengur samþætt. Barnið á samt þjónustu en hún verður ekki samþætt. Þú sem foreldri berð þá ábyrgð á að deila upplýsingum á milli þjónustuveitanda eftir þörfum. Þeir mega ekki lengur ræða sín á milli til að samræma þjónustuna við barnið.

Hvað gerist ef barnið mitt flytur um skóla eða hverfi?

Ef barnið þitt flytur um skóla eða hverfi ber núverandi tengiliður eða málstjóri eftir aðstæðum ábyrgð á að koma upplýsingum um þitt barn yfir á nýjan tengilið þess.

Ábyrgðaraðili vinnslu persónuupplýsinga er Barna- og fjölskyldustofa. Ef þú vilt frekari upplýsingar getur þú kíkt á heimasíðu stofunnar, www.bofs.is.



← Spurt og svarað um skólþjónustuna



¹ Þar með talið viðkvæmum persónuupplýsingum og upplýsingum um refsiverða háttsemi og ætlaða refsiverða háttsemi.

² Heimild til vinnslu framangreindra persónuupplýsinga grundvallast á lagaheimild, skv. 3. tl. 1. mgr. 9. gr. laga nr. 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga, og er lagaheimild til vinnslunnar að finna í 23. gr. laga nr. 86/2021.

³ Samkvæmt X. og V. kafla stjórnsýslulaga.

⁴ Reykjavíkurborg er afhendingaskyldur aðili á grundvelli laga nr.77/2014 um opinber skjallasöfn.